



## Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings .....	3
Áritun endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8

## Skýrsla framkvæmdastjórnar Landspítala og staðfesting á ársreikningi fyrir árið 2014

Landspítali (LSH) starfar skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 140/2012, lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, svo og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem snerta kunna spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þrjú hlutverki að gegna, þ.e. þjónusta við sjúklinga, menntun og rannsóknir í heilbrigðisvísindum. Gildi spítalans eru *Umhyggja, Fagmennska, Öryggi og Framþróun*. Spítalinn leggur áherslu á velferð starfsmanna sinna. Á árinu 2014 störfuðu að meðaltali 4.827 starfsmenn á LSH í 3.752 stöðugildum (ársverk).

Á árinu 2014 var ársveltan um 53.188 m. kr. Tekjuhalli var á árinu þar sem rekstrargjöld voru 749 m. kr. umfram rekstrartekjur og ríkisframlag. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur ójafnað eigið fé spítalans 2.961 m. kr. í árslok 2014. Eignir spítalans nema 2.189 m. kr. en skuldir eru samtals 4.967 m. kr. Þar af er skuld Landspítala við ríkissjóð 769 m. kr. í lok árs.

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs staðfesta ársreikning Landspítala fyrir árið 2014 með undirritun sinni fyrir hönd framkvæmdastjórnar.

Reykjavík, 24. mars 2015.



Páll Matthíasson  
forstjóri



María Heimisdóttir  
framkvæmdastjóri

## Áritun endurskoðenda

Til Landspítala og velferðarráðuneytis

### Ábyrgð stjórnenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Landspítala fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og eru þeir ábyrgir fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

### Ábyrgð endurskoðenda

Við erum ábyrgir fyrir því álit sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin fólst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta ríkisstofnanir,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Endurskoðunin byggir á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlega traustan grunn til að staðfesta álit okkar.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landspítalans á árinu 2014, efnahag 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 24. mars 2015

Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi.

Sigurgeir Bóasson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur árið 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Tekjur</b>			
Þjónustutekjur .....	14	3.391.677	3.133.189
Styrkir til fjárfestinga í tækjabúnaði og öðrum stofnkostnaði ....	15	363.289	371.895
Aðrar tekjur .....	16	1.021.581	1.016.676
S-merkt lyf, sala til SÍ .....	17	4.857.354	4.840.206
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður .....	17	( 4.758.153)	( 4.746.729)
<b>Tekjur samtals</b>		<u>4.875.748</u>	<u>4.615.236</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	18	34.719.707	31.857.791
Vörunotkun .....	19	7.495.212	7.230.279
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld .....	20	3.522.891	3.236.607
Annar rekstrarkostnaður .....	21	1.148.682	1.263.052
		<u>46.886.493</u>	<u>43.587.729</u>
Fjárfesting í tækjabúnaði .....	22	1.641.668	1.291.553
Annar stofnkostnaður og endurbætur .....	23	676.180	445.032
<b>Gjöld samtals</b>	13	<u>49.204.341</u>	<u>45.324.314</u>
Tekjuhalli án fjármagnsliða .....		( 44.328.593)	( 40.709.078)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	24	<u>25.330</u>	<u>31.133</u>
<b>Tekjuhalli fyrir ríkisframlag .....</b>		( 44.303.263)	( 40.677.945)
Ríkisframlag .....	10, 25, 31	<u>43.553.920</u>	<u>39.193.900</u>
<b>Tekjuhalli ársins</b>	10	<u>( 749.343)</u>	<u>( 1.484.045)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
<b>Áhættufjármunir</b>			
Hlutabréf .....	26	<u>2.500</u>	<u>2.500</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	6, 27	748.320	734.673
Skammtímakröfur .....	7, 28, 29	1.416.573	1.545.161
Handbært fé .....	8	<u>21.929</u>	<u>22.350</u>
Veltufjármunir		<u>2.186.822</u>	<u>2.302.184</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>2.189.322</u></u>	<u><u>2.304.684</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
<b>Höfuðstóll</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		( 4.434.757)	( 2.950.712)
Framlag á lokafjárlögum 2012 .....		2.223.200	0
Tekjuhalli ársins .....		<u>( 749.343)</u>	<u>( 1.484.045)</u>
Ójafnað eigið fé	10	<u>( 2.960.900)</u>	<u>( 4.434.757)</u>
<b>Annað eigið fé</b>			
Framlag til eignamyndunar .....		180.494	180.494
Yfirtekið framlag til eignamyndunar St. Jósefsspítala .....		<u>2.618</u>	<u>2.618</u>
Annað eigið fé		<u>183.112</u>	<u>183.112</u>
Eigið fé samtals		<u>( 2.777.788)</u>	<u>( 4.251.645)</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Fjármögnunarleigusamningur .....	11, 30	40.870	43.362
Næsta árs afborgun .....		<u>( 3.328)</u>	<u>( 2.574)</u>
		<u>37.542</u>	<u>40.788</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ríkissjóður .....	31	769.491	2.680.982
Viðskiptaskuldir .....	12, 32	4.156.750	3.831.985
Næsta árs afborgun fjármögnunarleigusamnings .....		<u>3.328</u>	<u>2.574</u>
Skammtímaskuldir		<u>4.929.568</u>	<u>6.515.541</u>
Skuldir samtals		<u>4.967.110</u>	<u>6.556.329</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>2.189.322</u></u>	<u><u>2.304.684</u></u>
Eignir utan efnahagsreiknings .....	35		
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings .....	36		

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Veltufé frá rekstri:			
Tekjuhalli ársins.....		( 749.343)	( 1.484.045)
Gjaldfærð fjárfesting samtals umfram ríkisframlag og styrki....	22, 25	90.560	185.690
<b>Veltufé til rekstrar</b>		<u>( 658.783)</u>	<u>( 1.298.355)</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun).....		( 13.647)	( 72.874)
Skammtímakröfur, lækkun.....		128.588	94.181
Viðskiptaskuldir, hækkun.....		324.765	1.101.698
		<u>439.706</u>	<u>1.123.005</u>
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<u>( 219.078)</u>	<u>( 175.352)</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Tækjabúnaður, annar stofnkostnaður og endurbætur.....	22	<u>( 2.317.849)</u>	<u>( 1.736.585)</u>
		<u>( 2.317.849)</u>	<u>( 1.736.585)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjármögnunarleigusamningur vegna gjaldfærðrar fjárfestingar .			43.362
Afborgun fjármögnunarleigusamnings .....	11, 30	( 2.492)	0
Framlag á loka fjárlögum 2012 .....	10	2.223.200	0
Gjafir og styrkir til fjárfestinga í tækjum og öðrum stofnkostn. .		363.289	371.895
Framlag til stofnkostnaðar og endurbóta á fjárlögum .....	25	1.864.000	1.179.000
Breyting á greiðslustöðu við ríkissjóð:	31		
Framlag ríkissjóðs.....		( 45.777.120)	( 39.193.900)
Greitt úr ríkissjóði.....		43.865.629	39.509.969
		<u>2.536.505</u>	<u>1.910.326</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....		( 421)	( 1.609)
Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>22.350</u>	<u>23.959</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>21.929</u>	<u>22.350</u>

# SKÝRINGAR

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskila:

Ársreikningur Landspítala fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum skulu ríkisstofnanir í A-hluta ekki eignfæra varanlega rekstrarfjármuni, heldur gjaldfæra þá á kaupári. Stofnanir eiga almennt ekki að taka lán eða stofna til skuldbindinga til lengri tíma án sérstakra heimilda.

### 2. Bókhald og fjármál:

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur um allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

### 3. Skattar:

Landspítali greiðir ekki tekjuskatt.

### 4. Skráning tekna:

Sértekjur spítalans eru yfirleitt bókaðar í þeim mánuði sem þær falla til. Heildarframlag ríkisins er fært í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjáraukalaga.

### 5. Skráning gjalda:

Gjöld spítalans eru samkvæmt meginreglu bókuð í þeim mánuði sem til þeirra er stofnað. Í lok ársins eru áfallin en ógreidd gjöld færð í rekstrarreikning og sem skuldir í efnahagsreikningi.

### 6. Vörubirgðir:

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

### 7. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur á skuldunauta eru færðar í efnahagsreikning á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna áætlaðs taps á útistandandi kröfum. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### 8. Handbært fé:

Handbært fé samanstendur af reiðufé í sjóðum og bankainnstæðum.

### 9. Lífeyrisskuldbinding:

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilavenju A-hluta ríkissjóðs er þessi skuldbinding þó ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.



## SKÝRINGAR

### 10. Eigið fé:

Ójafnað eigið fé spítalans nemur í lok árs um 2.961 m. kr. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2014 í meðfylgjandi sundurliðun.

Ójafnað eigið fé 1. janúar 2014 .....	( 4.434.757)
Framlag í lokafjárlögum 2012 .....	2.223.200
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag .....	( 44.303.263)
Ríkisframlag tímabilsins .....	43.553.920
Tekjuhalli ársins .....	( 749.343)
<b>Ójafnað eigið fé 31. des 2014</b>	<b>( 2.960.900)</b>

### 11. Langtímaskuldir:

Langtímaskuld er færð á núvirði að frádregnum greiddum afborgunum. Eftirstöðvar eru reiknaðar miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok, ef slíkur umreikningur á við.

### 12. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

## Sundurliðanir og skýringar

### 13. Starfsþáttgreining:

Samkvæmt stjórnskipulagi sjúkrahússins árið 2014 skiptist það í 11 aðskildar rekstrareiningar. Endurbætur, stofnkostnaður og tækjakaup og kostnaður vegna S-merktra lyfja er meðtalinn í kostnaði utan sviða. Kostnaður rekstrareininga árið 2014 greinist á eftirfarandi hátt.

	2014	2013
Skrifstofa forstjóra.....	470.081	432.050
Fjármálasvið.....	869.076	822.879
Rekstrarsvið.....	4.899.702	4.516.590
Vísinda- og þróunarsvið.....	599.296	597.318
Flæðisvið.....	7.772.004	7.028.428
Lyflækningasvið.....	8.619.715	7.903.765
Skurðlækningasvið.....	4.692.688	4.463.479
Kvenna- og barnasvið.....	5.450.774	5.146.162
Geðsvið.....	3.848.348	3.613.838
Aðgerðasvið.....	6.446.635	6.229.581
Rannsóknarsvið.....	4.666.812	4.453.257
	<u>48.335.131</u>	<u>45.207.349</u>
Utan sviða.....	3.098.756	2.224.072
Innri viðskipti á LSH.....	( 2.229.546)	( 2.107.107)
<b>Samtals</b>	<u>49.204.341</u>	<u>45.324.314</u>

## SKÝRINGAR

### 14. Þjónustutekjur:

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma. Tekjur af þessari þjónustu hækka frá árinu 2013 um 8,2%.

	2014	2013
Rannsóknir.....	1.421.439	1.332.861
Komur á göngudeildir og bráðadeildir .....	690.594	624.507
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum.....	522.712	370.208
Sérfræðiþjónusta, önnur.....	445.197	555.153
Hjálpartæki og önnur seld þjónusta.....	311.735	250.460
<b>Samtals</b>	<b>3.391.677</b>	<b>3.133.189</b>

### 15. Styrkir til fjárfestinga í tækjabúnaði:

Styrkir og gjafir til kaupa á tækjabúnaði fyrir spítalann koma frá sjálfstæðum sjóðum, líknarsamtökum, félagasamtökum og einstaklingum. Oftast eru framlögin reidd fram hverju sinni vegna tiltekins búnaðar. Framlög til stofnkostnaðar á fjárlögum eru ekki tekjufærð hér. Sjá skýringu nr. 25.

### 16. Aðrar tekjur:

Aðrar tekjur spítalans samanstanda af ýmsum tekjuliðum, öðrum en tekjum af eiginlegri heilbrigðisþjónustu. Þessi liður hækkar um 0,5% á milli ára.

Selt fæði.....	207.125	181.925
Rannsókn- og þróunarverkefni.....	62.274	160.421
Önnur seld þjónusta.....	190.829	116.118
Framlög og gjafir, aðrar en framlög til fjárfestingar.....	62.129	42.573
Vörusala.....	179.485	251.917
Leigutekjur.....	101.020	82.712
Aðrar tekjur.....	218.720	181.010
<b>Samtals</b>	<b>1.021.581</b>	<b>1.016.676</b>

### 17. S-merkt lyf:

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) bera ábyrgð á kostnaði vegna S-merktra lyfja sjúklinga á dag- og göngudeildum. Landspítali annast innkaup lyfjanna en gerir endurkröfu með tekjureikningum á SÍ.

S-merkt lyf, sala til SÍ án vsk og álagningar.....	4.758.153	4.746.730
S-merkt lyf, álagning og blöndunargjöld.....	99.201	93.476
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður.....	(4.758.153)	(4.746.729)
<b>Samtals</b>	<b>99.201</b>	<b>93.476</b>

## SKÝRINGAR

### 18. Laun og launatengd gjöld:

Launagjöld Landspítala hækka um 9,0% frá fyrra ári.

	2014	2013
Dagvinnulaun.....	19.461.460	18.188.888
Yfirvinna.....	3.329.942	2.982.325
Álagsgreiðslur.....	4.313.648	3.980.332
Önnur laun.....	787.357	634.907
Launatengd gjöld.....	6.827.300	6.071.338
<b>Samtals</b>	<b>34.719.707</b>	<b>31.857.791</b>

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 3.752 að meðaltali á árinu 2014, en þau voru til samanburðar 3.667 á árinu 2013. Fjarvera starfsmanna í verkfalli kemur til lækkunar ársverka á árinu. Á árinu 2014 voru 4.827 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 4.688 á árinu 2013. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk. Áunnið ótekið orlof og annar sambærilegur launatengdur frítímaréttur er ekki færður í ársreikninginn, sbr. skýringu nr. 36.

### 19. Vörunotkun:

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á. Kostnaður vegna vörunotkunar hækkar um 3,7% á milli ára. Í skýringu nr. 27 má sjá vörubirgðir í lok árana 2013 og 2014.

Lækninga- og hjúkrunarvörur .....	3.391.907	3.376.550
Lyf .....	1.671.833	1.588.152
Rannsóknvörur.....	902.297	858.459
	<u>5.966.037</u>	<u>5.823.161</u>
Matvæli.....	681.832	624.105
Orkugjafar.....	341.405	339.461
Tímaritaáskrift, bækur og skrifstofuvörur.....	173.732	177.153
Byggingavörur.....	91.754	84.633
Lín, fatnaður og hreinlætisvörur.....	240.452	181.768
	<u>1.529.175</u>	<u>1.407.119</u>
<b>Samtals</b>	<b>7.495.212</b>	<b>7.230.279</b>

## SKÝRINGAR

### 20. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld:

Aðkeypt þjónusta og leigugjöld nema samtals 3.522 m. kr. á árinu 2014. Þessi liður hækkar um 8,8% milli ára. Stærstu kostnaðarliðirnir eru ýmis konar aðkeypt sérfræðiþjónusta og verkkaup auk leigu- og leyfisgjalda.

	2014	2013
Sérfræðiþjónusta.....	1.089.233	978.532
Verkkaup.....	1.000.330	919.676
Leigu- og afnotagjöld.....	446.965	459.607
Ferðir, fundir, risna o.fl. ....	374.578	355.998
Aðkeyptur akstur.....	353.301	277.215
Flutningaþjónusta.....	99.717	93.234
Annað.....	158.767	152.344
<b>Samtals</b>	<b>3.522.891</b>	<b>3.236.607</b>

### 21. Annar rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður samanstendur meðal annars af fasteignagjöldum og öðrum opinberum gjöldum, framlögum til rannsókna og kaupum á ýmsum minniháttar búnaði og tækjum. Kostnaðurinn lækkar um 9,1% milli ára.

Opinber gjöld og tryggingar.....	416.690	412.672
Framlag til rannsókna og gæðaverkefna.....	53.058	52.973
Minniháttar tæki, áhöld, varahlutir.....	595.912	653.370
Ýmis óregluglegur kostnaður.....	83.022	144.037
<b>Samtals</b>	<b>1.148.682</b>	<b>1.263.052</b>

### 22. Fjárfesting í tækjabúnaði:

Á reikningsárinu voru kaup Landspítalans á tækjabúnaði í meginráttum eftirfarandi:

	2014	2013
Línuhraðall .....	0	434.415
Sírítar á vökudeild .....	0	82.432
Þvottavél fyrir sjúkrahúslín .....	0	43.362
Kviðsjárspeglunarbúnaður .....	36.111	41.530
Blóðgeislunartæki .....	0	41.509
Aðgerðasmásjá fyrir augnlækningar .....	0	34.736
Tölvusneiðmyndartæki .....	0	32.811
Hjartasírítar .....	0	31.935
Svæfingavélar og skjáir .....	198.732	0
Æðaþræðingartæki .....	165.141	0
Ísótópataeki .....	151.695	0
Hjartaþræðingartæki .....	134.154	0
Sjúkrarúm .....	50.784	0
Ómtæki .....	44.373	0
Röntgentæki .....	31.188	0
Annað .....	829.490	548.822
<b>Samtals</b>	<b>1.641.668</b>	<b>1.291.553</b>

## SKÝRINGAR

### 23. Annar stofnkostnaður og endurbætur:

Stofnkostnaður spítalans felur hér í sér nýkaup á fasteignum, ásamt endurbótum á innréttingum, húseignum og lóðum.

	2014	2013
Aðalbygging, endurbætur utanhúss.....	58.416	102.744
Endurbætur, geðdeild.....	56.345	72.765
Hringbraut , breytingar vegna línuhraðals.....	6.456	29.824
Rannsóknarstofa í meinafræði, hús 8, endurbætur utanhúss.....	0	26.759
Tunguháls, endurnýjun og viðgerð þaks.....	5.079	25.284
Vífilsstaðir, endurbætur vegna flutninga.....	0	24.821
Grensás, endurbætur á sundlaug.....	0	22.685
Fossvogur og Hringbraut, eldvarnir.....	9.820	18.010
Fossvogur, aðgangsstýrikerfi.....	0	17.582
Hringbraut, blóðtaka, endurinnrétting.....	0	15.293
Fossvogur og Hringbraut, breytingar vegna nýrra loftpressa....	0	14.674
Fossvogur, endurbætur á aðstöðu fyrir sykurþolspróf.....	0	13.181
Landakot, endurinnrétting lyfjaherbergis.....	0	9.523
Kvennadeild, endurinnrétting 21 A.....	0	8.676
Barnaspítali, bráðaherbergi o.fl.....	0	6.734
Foreldraíbúð BUGL.....	0	6.587
Vélasalir, endurbætur.....	14.098	5.762
Fossvogur, endurbætur utanhúss.....	129.364	0
Gámaskrifstofur.....	109.675	0
Hringbraut, endurbætur bráðalyfta.....	75.273	0
Landakot, endurbætur utanhúss.....	75.180	0
Kjarnarannsóknastofa, endurnýjun.....	47.772	0
Lagfæring á vinnustöðvum til að auka skilvirkni .....	22.065	0
Kvennadeild, sameining deilda.....	17.817	0
Ísótópastofu, 10 G, endurbætur.....	17.194	0
Endurnýjun í rafmagnssölum v/ brennisteinsmengunar í lofti....	10.529	0
Annað.....	21.097	24.130
<b>Samtals</b>	<b>676.180</b>	<b>445.032</b>

### 24. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur spítalans, sem einkum eru af kröfum á skuldunauta, eru færðar til tekna í rekstrarreikningi á því tímabili sem til þeirra er unnið. Kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í árslok vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu, sbr. skýringu nr. 29. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

	2014	2013
Vaxtatekjur.....	35.436	36.195
Gengismunur.....	15.065	11.232
Vaxtagjöld.....	( 25.171)	( 16.294)
<b>Samtals</b>	<b>25.330</b>	<b>31.133</b>

## SKÝRINGAR

### 25. Fjárheimildir og rekstur:

Á fjárlögum ársins 2014 voru Landspítala ætlaðar 42.894,5 m. kr. í ríkisframlag. Með launabótum, millifærslum og fjáraukalögum 2014 hækkuðu fjárheimildir vegna rekstrar ársins um 659,4 m. kr. Fjárheimildir Landspítala á árinu 2014 voru því samtals 43.553,9 m. kr.

	Fjárlög	Fjár-heimildir	Árs-reikningur	Mismunur
Laun og launatengd gjöld.....	( 32.994.900)	( 34.145.089)	( 34.719.707)	( 574.618)
Önnur rekstrargjöld og vextir.....	( 11.888.000)	( 11.551.152)	( 12.141.455)	( 590.303)
Stofnkostnaður og endurbætur.....	( 1.864.000)	( 2.308.468)	( 2.317.849)	( 9.381)
Sértekjur.....	3.852.400	4.450.790	4.875.748	424.959
<b>Samtals</b>	<b>( 42.894.500)</b>	<b>( 43.553.920)</b>	<b>( 44.303.263)</b>	<b>( 749.343)</b>

### 26. Hlutabréf:

Hlutfjáreign er hlutur Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. Sá hlutur er bókaður á nafnverði. Að auki er spítalinn lítill hluthafi í níu einkahlutafélögum á Íslandi og einu félagi í Lettlandi, en þau félög teljast til sprotafyrirtækja. Landspítali hefur eignast hlutina án endurgjalds í peningalegum verðmætum, en fengið þá í stað aðstöðusköpunar, tímabundins vinnuframlags starfsmanna eða við framsal réttinda. Óvissa er talsverð um raunverulegt fjárhagslegt verðmæti flestra þessara hluta. Þeir eru ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi.

### 27. Vörubirgðir:

Bókfært verðmæti vörubirgða spítalans hækkar um 1,9% milli árana 2014 og 2013. Birgðir í árslok 2014 eru metnar á kostnaðarverði, eftir 7,5% niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

	2014	2013
Lækninga- og hjúkrunarvörur.....	207.382	209.334
Lyf.....	224.323	182.983
Rannsókn- og röntgenvörur.....	253.915	279.838
Rekstrarvörur.....	47.565	49.264
Matvæli.....	15.135	13.254
<b>Samtals</b>	<b>748.320</b>	<b>734.673</b>

### 28. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur eru einkum vegna vörusölu eða seldrar þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útistandandi kröfur spítalans á helstu flokka skuldunauta í árslok.

## SKÝRINGAR

	2014	2013
Heilbrigðisstofnanir.....	201.831	202.588
Sjúkratryggingar Íslands.....	294.041	413.192
Einstaklingar.....	641.041	596.850
Fyrirtæki og ýmsar stofnanir.....	186.666	160.400
Fyrirfram greiðslur vegna tækjakaupa.....	155.744	198.182
Aðrar kröfur.....	138.835	162.096
<b>Kröfur samtals</b>	<b>1.618.159</b>	<b>1.733.308</b>
Niðurfærsla krafna.....	(201.586)	(188.147)
	<b>1.416.573</b>	<b>1.545.161</b>

### 29. Niðurfærsla viðskiptakrafna:

Viðskiptakröfur spítalans í árslok eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í árslok og breyting hans á árinu er sem hér segir:

	2014
Niðurfærslureikningur 1. janúar 2014 .....	188.147
Gjaldfærðar afskrifaðar tapaðar kröfur 2014 .....	( 99.400)
Framlag í niðurfærslureikning 2014 .....	112.839
Niðurfærslureikningur 31. desember 2014 .....	<b>201.586</b>

### 30. Langtímaskuldir:

Langtímaskuld í árslok er fjármögnunarleigusamningur við eignaleigufyrirtæki. Í ársreikningi 2014 er slíkur samningur flokkaður sem langtímaskuld þar sem sammingskilmálar gera meðal annars ráð fyrir að verulegur hluti áhættu og hagur af fjárfestingu sé færður yfir á Landspítala. Vísað er til upplýsinga um eignaleigusamninga frá fyrri árum í skýringu nr. 36. Hreyfingar og staða fjármögnunar-sammingsins er sem hér segir:

	Ógjaldfallnar eftirstöðvar		Núvirtar eftirstöðvar	
	31.12.2014	31.12.2013	31.12.2014	31.12.2013
Greiðslur á næsta reikningsári .....	6.334	5.278	6.079	5.097
Greiðslur á öðru reikningsári og síðar .....	50.143	56.478	34.791	38.265
	<b>56.477</b>	<b>61.756</b>	<b>40.870</b>	<b>43.362</b>
Framtíðar vaxtagjöld .....	( 15.607)	( 18.394)		
<b>Núvirtar eftirstöðvar</b> .....	<b>40.870</b>	<b>43.362</b>		

### 31. Ríkissjóður:

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlags og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Í árslok nam skuld spítalans við ríkissjóð tæpum 770 m. kr. Ríkissjóður hefur ekki krafist vaxta af þessari skuld. Staða og hreyfingar í þessum viðskiptum við ríkissjóð eru sem hér segir:

Staða 1. janúar 2014 .....	(2.680.982)
Framlag á lokafjórðungi 2012 .....	2.223.200
Ríkisframlag 2014 .....	43.553.920
Móttæknar greiðslur .....	(43.865.629)
Staða 31. desember 2014 .....	<b>( 769.491)</b>

## SKÝRINGAR

### 32. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru að stórum hluta vegna lyfjakaupa og annarra vörukaupa frá birgjum.

### 33. Fimm ára rekstraryfirlit:

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2010-2014. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

#### Yfirlit yfir rekstur og efnahag árunum 2010-2014, á verðlagi hvers árs:

Fjárhæðir í millj.kr.

	2014	2013	2012	2011	2010
<b>Rekstur</b>					
Tekjur.....	4.876	4.615	4.229	3.636	3.392
Gjöld.....	( 46.861)	( 43.557)	( 39.815)	( 36.998)	( 35.277)
Stofnkostnaður og endurbætur.....	( 2.318)	( 1.737)	( 875)	( 1.173)	( 1.188)
Gjöld umfram tekjur	( 44.303)	( 40.678)	( 36.462)	( 34.534)	( 33.074)
Ríkisframlag samtals.....	43.554	39.194	36.478	34.539	33.145
Tekjuafgangur (halli) ársins	( 749)	( 1.484)	16	5	71
<b>Efnahagur</b>					
Áhættufjármunir.....	3	3	3	3	3
Veltufjármunir.....	2.187	2.302	2.325	1.680	1.705
Eignir samtals	2.189	2.305	2.328	1.683	1.708
Höfuðstóll.....	( 2.961)	( 4.435)	( 2.951)	( 2.967)	( 2.890)
Annað eigið fé.....	183	183	183	183	180
Langtímaskuldir.....	38	41			
Skammttímaskuldir.....	4.930	6.516	5.095	4.467	4.417
Eigið fé og skuldir samtals	2.189	2.305	2.328	1.683	1.708

### 34. Sér sjóðir:

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sjálfseignarstofnunum, sérsjóðum og verkefnum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárstýringu og reglubundna skráningu tekna og gjalda í fjárhagsbókhaldi, auk launabókhalds. Bókhald þessara aðila er ekki hluti af bókhaldi Landspítala.

Þessa sérsjóði má í meginráttum flokka í tvennt:

#### Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur

Í þessum flokki eru 10 lögaðilar og 66 sjóðir. Þeirra á meðal má nefna Vísindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg, Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur og Landspítalasjóð Íslands. Meðal stærstu einstakra undirsjóða Landspítalasjóðs eru sjóðir sem tengjast barnadeildum spítalans. Bankareikningar sem tilheyra þessum sérsjóðum eru samtals 49 og innstæða í árslok 2014 nemur samtals 460,0 m. kr.

#### Rannsóknar- og vísindaverkefni

Fjölmargir einstaklingar og hópar eru skráðir fyrir sjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara verkefna í árslok 2014 er 204. Innstæður á einstökum bankareikningum eru mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum krónum til 33,7 m. kr. Samtals eru innstæður á þessum reikningum í árslok 2014 um 560,9 m. kr.



## SKÝRINGAR

### 35. Eignir utan efnahagsreiknings:

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir Landspítala eru ekki eignfærðir í efnahagsreikningi, sem er í samræmi við ákvæði um A-hluta stofnanir í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í árslok 2014.

	Fasteignamat	Brunabótamat
Hringbraut.....	11.394.394	16.508.640
Fossvogur.....	5.043.248	8.132.010
Landakot.....	1.411.780	2.128.940
Kópavogur.....	1.199.750	1.155.450
Kleppur.....	1.388.719	1.524.961
Vífilsstaðir.....	873.835	1.147.730
Grensás.....	764.650	1.148.600
Tunguháls.....	426.450	540.200
Sumarhús starfsmanna.....	207.375	244.784
Aðrar eignir.....	2.624.360	2.502.005
<b>Samtals</b>	<b>25.334.561</b>	<b>35.033.320</b>

Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir LSH utan efnahagsreiknings eru fyrst og fremst ýmis konar tæki og háþróaður búnaður, sem tengist starfsemi spítalans. Í skýringum nr. 30 og 36 má til hliðsjónar sjá þær skuldbindingar sem hvíla á LSH í árslok vegna kaupa á margs konar tækjabúnaði. Haldin er eignaskrá í samræmi við ákvæði laga.

### 36. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

#### *Orlof og annar launatengdur frítímaréttur*

Óúttekið áunnið orlof starfsmanna fyrir tímabilið maí til desember 2014 hefur verið reiknað sérstaklega, en er ekki fært í ársreikninginn samkvæmt reikningsskilavenjum hjá ríkisstofnunum. Sama á við um sérstakan frítökurétt starfsmanna spítalans. Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir skuldbindingum spítalans vegna áunnins orlofs og annarra réttinda starfsmanna til frítöku í árslok 2014. Þessar skuldbindingar eru reiknaðar að meðtöldum launatengdum gjöldum.

	2014	2013
Sumarorlof.....	2.465.919	2.310.755
Hvildartímafrí.....	600.104	584.312
Vaktafrí og annar áunninn frítími.....	258.826	246.589
	<b>3.324.849</b>	<b>3.141.655</b>

#### *Samningar*

Sjúkrahúsið hefur á fyrri árum gert marga eignaleigusamninga vegna fjármögnunar á kaupum á varanlegum rekstrarfjármunum. Þeir samningar hafa allir verið skilgreindir sem rekstrarleigusamningar, án tillits til samningsskilmála, og eftirstöðvar þeirra skuldbindinga því ekki færðar í reikningsskilin. Afborganir eru gjaldfærðar við greiðslu. Sjá í þessu sambandi langtímaskuldbindingu í skýringu nr. 30. Auk þessara framangreindu eignaleigusamninga hefur

## SKÝRINGAR

spítalinn gert margs konar skuldbindandi hugbúnaðar- og þjónustusamninga vegna upplýsingakerfa. Gerð er grein fyrir helstu flokkum þessara skuldbindinga utan efnahagsreiknings á núvirði og greiðslubyrði vegna þeirra næstu þrjú árin í meðfylgjandi yfirliti.

	<b>Skuldbinding</b>	<b>Til greiðslu</b>		
	<b>31.12.2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>
Tölvubúnaður.....	64.353	22.609	22.609	22.609
Lækningatæki og annar tækjabúnaður.....	309.874	110.160	92.038	49.697
Samtals vegna tækja	374.227	132.769	114.647	72.306
Hugbúnaðar- og þjónustusamningar.....	569.276	198.210	197.081	195.952
<b>Samtals</b>	<b>943.503</b>	<b>330.979</b>	<b>311.728</b>	<b>268.258</b>

### *Húsaleiga*

Landspítalinn hefur gert nokkra húsaleigusamninga við leigusala, með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa næstu þrjú árin nema 546,8 m. kr. í árslok 2014.



